

74
14. júní

Bréf stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi.

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Emil Rokstad, um að honum verði leyft að flytja hér í land hund, sem kom hingað á gufuskipinu »Flora« 12. þ. m.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga, og
- 2) að hundinum sé haldið í sóttkví, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 8 daga og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum Rokstad hefir verið tilkynnt leyfi þetta héðan.

75
30. apríl

Reglugjörð

um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Samkvæmt lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum, er sett eftirfarandi reglugjörð fyrir sjóðinn:

1. gr.

Stofnfé styrktarsjóðs handa barnakennurum landsins er 5000 kr., sem landssjóður leggur til.

2. gr.

Hver sá kennari, sem ráðinn er til kenslutarfa samkvæmt lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907, greiðir í sjóðinn á ári hverju 1% af kennaralaunum sínum, séu þau ekki hærrí en 500 kr., 1½% séu þau yfir 500 kr. og alt að 1000 kr. og 2% ef þau eru yfir 1000 kr. Auk þess fær sjóðurinn 1000 kr. styrk úr landssjóði árlega.